

Konukvöld
Fimmtudaginn, 2. maí

HAPDRÆTTI

Léttar veitingar & vörukynningar

LUKKUHJÓL

FJÖRÐUR

fjordur.is fjordur

GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ

Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins **KGP.IS**

16. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 2. maí 2024

Oftar en ekki opið

Garðabær Opið alla daga frá 8-23:30

Krambúðin

FASTEIGNASALAN
TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR

Sigurður Gunnlaugsson
lögiltur fasteignasali
Sími 898 6106

FLATEY

PIZZA NAPOLETANA
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval
HELSA & HÉRINGJA

24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára

Litadýrðin í Garðabæ

Garðyrkjudeild bæjarins leggur sig alla fram við að fegra Garðabæ

Allir vita að sumarblóm fegra umhverfið, gleða augað og gefa lífinu lit, en eins og nafnið gefur til kynna þá lifa þau bara sumarið. Nú er sumarið gengið í garð og bæjarbúar hafa tekið eftir því undanfarin ár hversu Garðabær er fallega skreyttur litmiklum og fjölbreyttum sumarblómum.

Garðapósturinn heyrði því í Jóhönnu Kristínu Jóhannsdóttur, garðyrkjufræðing Garðabæjar og spurði hana um undirbúning og komu sumarblómanna í Garðabæ. „Markmið Garðabæjar er að vera fallegur og snyrtilegur bær í góðu samfélagi. Til þess að skreytingar vorsins fái að njóta sín byrjar garðyrkjudeildin að skipuleggja næsta sumar að hausti. Það er gert með því að ákveða plöntutegundir og liti, en blómaframleiðendur þurfa líka tíma til að skipuleggja sig, panta fræin og rækta plönturnar. Allt tekur þetta sinn tíma,” segir hún og heldur áfram: „Við fáum sumarblómin yfirleitt afhent í lok maí og þá er lagt kapp á að koma þeim út sem fyrst. Við miðum við að sem flest sumarblóm verði gróðursett fyrir 17. júní þannig að bærin verði sem glæsilegastur,” segir Jóhanna Kristín.

Falleg sumarblóm á Garðatorgi gleða

Um 5000 sumarblóm á Garðatorgi

„Þegar sumarblómin eru komin í hús er fyrsta verkefnið okkar að útbúa blómakörfurnar sem hanga á staurum á Garðatorgi. Stóru blómakörfurnar eru 68 talsins og í þær fara samtals 1.700 blóm. (Frh. á blaðsíðu 2).

KOMINNTÍMA SKOÐUN?

Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is

Frumherji

HAFID
FISKVERSLUN

- Gæðin skipta mátt -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

YUZU HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ

“SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI”

LEMON
VEISLUBAKKAR Í FERMINGAR-VEISLUNA

Pantaðu á veisla@lemon.is

30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR

VILDARKORT LIND
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:

SHELGASON, HÚSGAGNA HÖLLIN, brautir & gluggatjöld, Betra BAK, DORMA, Flúgger litir, Parki, VIDD, HÚSASMÍÐJAN

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.

297 börn fengu boð um leikskóladvöl

Garðabær hefur lokið leikskólainnritun aprílmánaðar, en alls fengu 297 börn boð um leikskóladvöl sem hefist á nýju skólaári í haust. Þar með er svokallaðri „stórrí innritun“ lokið nú í vor en leikskólabörn eru innrituð allt árið eftir því sem pláss losna. Yngstu börnin sem hafa nú fengið boð um leikskólapláss eru fædd í júlí 2023.

Alls fengu 165 börn fædd árið 2023 pláss og 95 börn fædd árið 2022, en 33 börn eru fædd fyrir árið 2021.



Vel hefur gengið að manna leikskólann Urriðaból við Holtsveg

Tveir stórir árgangar koma inn og fara úr leikskólum Garðabæjar í haust. Þá útskrifast 252 börn sem fædd eru 2018 úr leikskólum Garðabæjar og hefja grunnskólanám. Um áramótin voru 267 börn fædd 2023 með lögheimili í Garðabæ.

Mestu munar um húsnæði Urriðabóls við Holtsveg en þar hefur gengið vel að manna skólann. Með opnun annars áfanga Urriðaholtsskóla bætast við 40 leikskólapláss og unnið er að því að ráða starfsfólk fyrir haustið.

Næstu dagsetningar

Í marsmánuði voru 77 börn innrituð í leikskóla og ættu þau flest að vera búin að hefja leikskóladvöl sína eða eru við það að hefja hana á næstu vikum.

Í maímánuði stendur til að bjóða börnum fæddum í ágúst 2023 og fyrr leikskólapláss frá og með hausti og svo í ágústmánuði verður börnum af biðlista boðið í þau pláss sem standa til boða. Farið verður neðar á biðlistann samkvæmt úthlutunarreglum Garðabæjar, en nýjar innritunarreglur kveða á um að börn þurfa að vera 12. mánaða og hafa lögheimili og vera búsett í Garðabæ.

Klaustrið í Holtsbúð Garðabæ, sem áður var í eigu Sankti Jósefssystra, til leigu eða sölu

Garðabær óskar eftir upplýsingum frá hæfum aðilum sem hafa áhuga á að taka þátt í samstarfsverkefni um kaup eða leigu, endurbætur, viðhald og rekstur á húsnæði Garðabæjar við Holtsbúð 87 í Garðabæ.

Húsnæðið er betur þekkt undir heitinu Klaustrið og var áður í eigu Sankti Jósefssystra. Í kaupsamningi Garðabæjar og systanna er kvöð, sem gildir til ársins 2028, um að húsnæðið verði nýtt fyrir starfsemi í þágu aldraðra eða annarrar sambærilegrar starfsemi á sviði mannúðar, heilbrigðismála, barna eða unglunga. Húsnæðið hefur verið í takmarkaðri notkun undanfarið og þarfnast skv. fyrirbyggjandi ástandsmati töluverðs viðhalds og endurnýjunar.

Leitað er að aðilum sem t.d. væru tilbúnir til að:

- Kaupa eða leigja húsnæðið að hluta eða í heild til að reka þar starfsemi sem rúmast innan ramma þeirra kvaða sem á því hvíla.
- Sjá um viðhald og endurbætur húsnæðisins m.t.t. þeirrar starfsemi.



Garðabær hefur mikinn áhuga á að húsnæðið gangi í endurnýjun lífdaga hvað varðar endurbætur og gott viðhald og að það sé gætt nýju lífi með öflugri starfsemi sem tekur tillit til umhverfisins og íbúa í nágrenninu.

Eingöngu er hér um markaðskönnun (RFI) að ræða, til að afla upplýsinga um hugmyndir áhugasamra aðila á markaði um nýtingu húsnæðisins og hvernig þær falla að þörfum Garðabæjar. Ekki er tryggt að

markaðskönnun þessi leiði til útboðs og að taka eða taka ekki þátt í henni er ekki forsenda fyrir þátttöku í hugsanlegu síðara innkaupaferli / útboði.

Nánari upplýsingar um markaðskönnunina eru aðgengilegar á útboðsvef VSÓ Ráðgjafar á vefslóðinni <https://vso.ajoursystem.net/>. Svörum skal skila með rafrænum hætti á framangreindan útboðsvef eigi síðar en þriðjudaginn 14. maí 2024, kl. 14:00.

Framhald af forsiðu Litadýröin í Garðabæ

Garðyrkjudeildin gróðursetur um 12.500 sumarblóm í Garðabæ

„Blómavalið verður eins og undanfarnir ár nema það verða bleikar stjúpur í stað gulra í körfunum á Garðatorgi, en stjúpur eru mjög harðgerð sumarblóm. Litlu blómakörfum eru 16 talsins og í þær fara samtals 48 blóm,“ segir hún og bætir við: Oft hafa verið notuð bleik tóbakshorn eða gular og appelsínugular skjaldfléttur en í sumar verða himinblá vinablóm í litlu körfunum. Það tekur um þrjú daga að gera allar blómakörfurnar tilbúnar, þær þurfa helst að standa í hlýju umhverfi í viku til tíu daga til að ná að dafna og þéttast áður en þær eru hengdar upp.“

Garðbæingur munu sjá marglituð gleðiblóm í fyrsta sinn í ár

„Þegar blómakörfurnar eru tilbúnar er lögð áhersla á að klára allar aðrar gróðursetningar á Garðatorgi. Í ár ætlum við að prufa í fyrsta sinn að vera með skrautkál í nokkrum kerjunum á Garðatorgi, en skrautkál er harðgerð káltegund sem getur staðið langt fram á haust. Einnig verða prófaðar blómategundir sem ekki hafa verið áður til dæmis marglituð gleðiblóm, fagurblá höfuðstjarna og hvít og bleik brúðarstjarna. Blómum er síðan plantað í öll steypu kerin sem sjást víða um bæinn og loks í fyrir fram ákveðin gróðurbeð sem fyrst þarf að stinga upp áður en hægt er að gróðursetja í þau,“ segir Jóhanna.



Jóhann bregður á leik! Jóhanna ásamt garðyrkjudeild Garðabæjar mun gróðursetja um 12.500 sumarblóm um í Garðabæ í ár

Garðyrkjudeildin hlaðin verkefnum í allt sumar

„Þegar sumarstarfsfólkið fer að tínast inn í byrjun sumars fer garðyrkjudeildin á fullt því okkar biða fjölmörg verkefni. Það þarf að dreifa áburði á alla leikskólalóðir, manir, trjábeð og opin svæði. Undirbúa þarf matjurtagarða og skólagarða bæjarins fyrir

starfsemi sumarsins og undirbúa öll sumarblómabeðin, stinga þau upp og hreinsa allan arfa. Yfir sumarið eru helstu verkefni sumarstarfsfólksins að halda gróðurbeðum hreinum, undirbúa og gróðursetja sumarblóm, útbúa blómakörfur, götuker og gróðurbeð, sanda beð, kantskera, þökuleggja og halda bænum snyrtilegum.“



Stórt samvinnuverkefni að sjá til þess að bæjarfélagið líti vel út

„Það er stórt samvinnuverkefni margra aðila að sjá til þess að bæjarfélagið líti vel út. Verkefnið er mörg og fjölbreytt þannig að gott samstarf milli garðyrkjudeilda, áhaldahúss, umhverfishópa og vinnuskólans er nauðsynlegt,“ segir Jóhanna og bætir við að lokum: „Deildirnar vinna allar að sama markmiði sem er að hafa ásýnd Garðabæjar sem snyrtilegastan, bæjarbúum og öllum sem eiga leið um bæinn til sóma,“ en samkvæmt Jóhönnu þá verða um 5.000 sumarblóm á Garðatorgi og í blómakörfurnar og um 12.500 í heildina.



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA

<p>Frímann 897 2468</p>	<p>Hálf dán 898 5765</p>	<p>Ólöf 898 3075</p>	<p>Kristín 699 0512</p>
-----------------------------	------------------------------	--------------------------	-----------------------------

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is

KVENFÉLAG GARÐABÆJAR

Vorfundur Kvenfélags Garðabæjar verður haldinn að Garðaholti 7. maí 2024 kl. 19

Eftir almenn fundarstörf mun matur frá Grillvagninum verða borinn fram við undirleik Hilmars Hjartarsonar harmonikkuleikara sem mun síðan kynna bók sína Móðir mín hetjan og aðrar kempur.

Þuríður Sigurðardóttir söngkona tekur lagið við undirspil Hilmars

Fundurinn verður í umsjón stjórnar og er matarfundur. Grillvagninn framreiðir hamborgara með frönskum kartöflum og meðlæti. Það verður hægt að kaupa vín með matnum.

Fundargjald er kr. 4.500, vinsamlega leggið inn á reikning félagsins: kt. 700169-7319, reikningsnr. 0318-26-011124.

Það er hægt að skrá sig á fundinn á vefsíðu félagsins, kvengb.is eða með því að senda skilaboð / sms í síma 895-7811 einnig er hægt að senda tölvupóst á ritari@kvengb.is Það er mikilvægt að vita um fjöldann vegna veitinga.

Við vonumst til að sjá ykkur sem flestar og endilega bjóðið áhugasömum vinkonum með.

Stjórn Kvenfélags Garðabæjar

Krambúðin



OFTAR EN EKKI
SÓL Í HJARTA



GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út 9. maí

Síðasti skiladagur föstudaginn 3. maí
valdimar@gp.is - Sími 697 4020
Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár (Frá 1989)
Vefsíða Garðapóstsins er: kgp.is
Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ
VIRÐING
TRAUST
REYNSLA

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
Útfararstjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfararstjóri
S: 793 4455



Jóhanna Eiríksdóttir
Umsjón útfara



Guðmundur Örn Jóhannsson
Framkvæmdastjóri
Umsjón útfara
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta

S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

utforin.is

REYKJAVÍK | KÓPAVOGI | GARÐABÆ | HAFNARFIRÐI | LANDSBYGGÐINNI

K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSALÖGN

Jazzþorpið í annað sinn dagana 3.-5. maí

Stórglæsileg dagskrá Jazzþorpsins liggur fyrir

Stórglæsileg dagskrá Jazzþorpsins liggur nú fyrir og uppsetning þorpsins fer fram frá 29. apríl. Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi var spurð um skipulagið sem þarf að vera til staðar til að hátíð á þessari stærðargráðu geti farið fram í Garðabæ.

„Það er fyrst og fremst traustið sem menningar- og safnanefnd og bæjarstjóri sýnir okkur sem skiptir öllu máli. Þau vita að við Jazzþorpsgengið, Ómar Guðjónsson listrænn stjórnandi, Kristín Guðjónsdóttir upplifunarahönnuður, Hans Vera listasmíður og ljósmyndari auk mín, höfum fundið fyrir þessu trausti allt frá því að ákveðið var að umbreyta Jazzhátíð Garðabæjar á þennan hátt. Gestir voru himinlifandi í fyrra og við fórum vel yfir alla verkþætti að lokinni hátíðinni í fyrra. Nú erum við því búin að hafa langan undirbúningstíma sem miðar að því að gera betur það sem var vel gert í fyrra og lagfæra það sem betur mátti fara. Starfsmenn Garðabæjar, áhaldahús- og garðyrkjan eru ómissandi þegar kemur að því að framkvæma og við erum ótrúlega ánægð að hafa það frábæra fólk með okkur. Þá væri undirbúningur óhugsandi án Gunna Rich,” segir Ólöf.

Fjórið, notalegheitin, upplifunin og undrun gesta í fyrra eru okkar orkugjafir

„Þessi vinnuvika áður en þorpið opnar einkennist af óþrjótandi vinnu en við græðum á að hafa gert þetta áður og vitum að við þurfum að gefa okkur tíma svo við lendum ekki í stressi. Uppsetning á kúlunum hófst strax í byrjun vikunnar en það er vandamt verk og krefst bæði nákvæmni, þolinmæði og smekkvísi en Kristín upplifunarahönnuður er með frábæran mann, Daniel Hoe með sér í þessari vinnu,” segir Ólöf og bætir við: „Þá erum við svo heppin að hafa PG-verktaka sem setja upp framhlið þorpsins annað árið í röð og gera það með glæsibrag og styðja þannig ómetanlega við þorpið.”



„Traustið sem menningar- og safnanefnd og bæjarstjóri sýna okkur sem skipuleggjum Jazzþorpið er ómetanlegt,” segir Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi Garðabæjar sem er hér ásamt Ómari Guðjónssyni á Garðatorgi



Ómar ásamt Gunna Rich, en Ólöf segir að undirbúningurinn væri óhugsandi án Gunna.

Salan rennur til góðgerðarmála

„Við búum líka að því að vera komin með ótrúlegt magn húsgagna og smámuna á torgið en söfnun hefur farið fram í þrjá mánuði en í fyrra höfðum við aðeins 3 vikur. Það er Kristín upplifunarahönnuður ásamt aðstoðarkonu sinni Höllu sem hefur verið einsog grár köttur í Góða hirðinum að finna til áhugaverða og góða gripi sem munu mynda stofurnar í Jazzþorpinu. Líkt og í

fyrra verða allir gripirnir til sölu og salan rennur til góðgerðarmála bætir Ólöf við.

„Ég held að Jazzþorpið í Garðabæ 2024 verði dásamlegur staður til að dvelja á, tónlistardagskráin er frábær og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Við Jazzþorpsgengið leggjum okkur að minnsta kosti öll fram við að gestum þorpsins líði vel og upplifunin verði jákvæð enda teljum við að Jazzþorpið í Garðabæ sé komið til að vera á Garðatorgi eina helgi í maí,” segir Ólöf sem er rokin.

Vilar sér ekki við að ganga í verkin

Það er ljóst að menningarfulltrúinn vilar ekki fyrir sér að ganga í verkin, hún lyftir þungum húsgögnum, málur spýtur og skipuleggur uppsetningu sviðs og græjar og gerir. Garðapósturinn hvetur lesendur til að njóta helgina 3. – 5. maí en heildardagskrána má sjá á baksíðu blaðsins og á vef Garðabæjar. Þá er vert að gerast vinur Jazzþorpsins á facebook enda birtast þar skemmtileg myndbönd til að kynna hátíðina og á meðan á Jazzþorpinu stendur verða birtar myndir af fólki og viðburðum á síðunni.

Gleði og birta á Sumarsýningu Grósku

Glatt var á hjalla þegar sumarsýning Grósku var opnuð í Gróskusalnum við Garðatorg 1 í síðustu viku.

Mikil fjölbreytni einkennir sýninguna en þar má meðal annars sjá málverk í olíu og akrýl, pappmassaverk, renndar tréskálar, vatnslitamyndir og myndir með blandaðri tækni svo fátt eitt sé nefnt. Sýnendur eru í Grósku, félagi myndlistarmanna í Garðabæ.

Fjölmarginir gestir hafa nú þegar lagt leið sína á sumarsýninguna og framundan er síðasta sýningarhelgi 4.–5. maí. Fólk er hvatt til að gera sér glaðan dag og líta við í Gróskusalnum. Öll hjartanlega velkomin.

<https://www.facebook.com/groska210>
<https://www.instagram.com/groskamyndlist/>



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is

Facebook.com/Gardaposturinn.is

Instagram.com/Gardaposturinn

MENNING Í GARÐABÆ

DAGSKRÁ

MAÍ

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Sýningar

3. febrúar 2023–1. mars 2026

HÖNNUNARSAFNIÐ SEM HEIMILI

Sýning á gripum úr safneign safnsins sem sett er upp sem grunnmynd af heimili og rétt eins og á heimilum fólks eru hlutir fengnir héðan og þaðan. Eðli málsins samkvæmt er fjölbreytileikinn allsráðandi.

Pallurinn

1. mars–26. maí

SKART

Sýning á skartgripum eftir Helgu Mogensen, Ingiríði Óðinsdóttur og Jónu Sigríði Jónsdóttur. Sýningin er unnin í samstarfi við Textílfélagið í tilefni af 50 ára afmæli þess.

Safnið á röngunni

23. apríl–17. Júní 2024

ELDBLÓM

Hvernig dans varð

að vöruhönnun

Sigga Soffía Nielsdóttir er dansari og danshöfundur er einnig þekkt fyrir flugeldasýningahönnun og blómalistaverk.

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

Viðburðir

Sunnudagur 5. maí
kl. 13

FLUGDREKASMIÐJA

með Arite Fricke textílhönnuði.

Sunnudagur 19. apríl
kl. 13

HÖNNUNARSAFNIÐ

SEM HEIMILI–

LEIÐSÖGN

Leiðsögn með safnstjóra um Hönnunarsafnið sem heimili

Viðburðir

Laugardagur 4. maí
kl. 12–14 í Urriðaholtsskóla
og Álftanessafni

BÓKAMERKI

FÖNDRUÐ

undirbúum sumarlesturinn.

Laugardagur 11. maí
kl. 11

SÖGUR OG

SÖNGUR MEÐ

ÞÓRÖNNU GUNNÝ

Fimmtudagur 16. maí
kl. 10.30

FORELDRASPJALL

Tónagull leiðir samverustund foreldra og ungra barna.

Laugardagur 1. júní

kl. 12

SUMARLESTURINN

Upphaf lestrarátaks fyrir bókaorma sem safna stimplum yfir sumarið og fá í lok ágúst verðlaun fyrir.

AFTUR TIL HÓFSSTAÐA

Garðatorgi 7

Margmiðlunarsýning sem spannar sögu Garðabæjar frá upphafi landnáms til okkar daga.

MINJAGARÐURINN Á HÓFSSTÖÐUM

við Kirkjulund

Skyggjast inn í fortíðina og upplifið lífið í landnámskálanum með aðstoð margmiðlunarsjónauka. Ný sýning sem byggir á fornleifarannsóknunum á staðnum.



Heildardagskráin er aðgengileg á Hönnunarsafni Íslands og Bókasafni Garðabæjar sem og þjónustuveri Garðabæjar. Þá má sjá rafræna dagskrá á vef Garðabæjar undir Mannlífi.

Boðið upp á utanvegahlaup í fallegu umhverfi

Stjörnhlaup VHE verður haldið laugardaginn 18. maí nk.

Hið árlega Stjörnuhlaup VHE verður haldið laugardaginn 18. maí nk., en fyrsta hlaupið var haldið árið 2013. Boðið verður upp á utanvegahlaup í fallegu umhverfi í landi Vífilstaða og Heiðmörk og eru bæjarbúar hvattir til að taka þátt enda einstök hlaupaleið.

Tvær vegalengdir í boði

Eins og í fyrra verður boðið upp á tvær vegalengdir, annars vegar 11 km hringur og hins vegar 22 km.

Eins og undanfarin ár er það hlaupahópur Stjörnunnar sem hefur umsjón með hlaupinu og Garðapósturinn skellti sér í

hlaupaskóna ásamt Agnari Jóni Ágústssyni, verkefnastjóra hlaupsins, og spurði hann nánar um hlaupið.

Þið ætlið að halda ykkur við sömu hlaupaleið í fyrra og bjóða upp á utanvegahlaup í mjög skemmtilegu umhverfi við Vífilstaði og Heiðmörk? „Já, við höldum okkur við sömu hlaupaleið og erum að festa hana í sessi. Þetta er mjög skemmtileg leið þar sem hlaupið er um Smalholtið, hjá golfvöllinum í skóginum þar og yfir í Sandahlíðina fyrir ofan hesthúsin í Garðabæ. Afhverju þessi leið kom til er að við í Hlaupahópi Stjörnunnar höfum hlaupið mikið í gegnum tíðina í hlífðun-



Brynjúlfur Halldórsson, formaður hlaupahóps Stjörnunnar (t.v) og Agnar Jón Ágústsson í ferð frá Landmannalaugum að Rjúpnavegum, 50km leið á 2 dögum

um fyrir ofan Vífilstaðavatnið. Svo kom nýlega nýr malarstígur þarna í Grunnvatnsskarði og okkur fannst tilvalið að bjóða upp á hlaup í þessari feegurð. Þegar farið er eftir nýja stígunum í Grunnvatnsskarði í vesturátt að Vífilstaðavatni og áður en farið er niður að Vífilstaðavatni, er útsýni í vestur ági fagurt. Á góðum degi blasir Snæfellsjökullinn við og Vífilstaðavatnið. Hlaupaleiðin hefur þegar fest sig í sessi og kallast nú Stjörnuhlaupsleiðin í hlaupasamfélaginu,” segir Agnar Jón.

Utanvega almenningshlaup

Er þessi leið krefjandi eða geta allir verið með þrátt fyrir að þetta sé utanvegahlaup? „Utanvegaleiðir eru meira krefjandi en malbikið. Það er hlaupið um holt og hæðir í Heiðmörk en stígarnir eru þjappaðir og malarstígarnir einnig. Stjörnuhlaupið er utanvega almenningshlaup og það ættu allir að geta farið leiðina á sínum hraða. Margir ganga upp hlífðarnar og ekkert að því. Helmingur af leiðinni er í hækunarferli til að byrja með en allt eftir sjötta kílómetra er lækkun að Miðgarði þar sem ræst er.”

En eru einhver tímamörk í hlaupinu? „Hlaupið byrjar kl. 10:00 og tímataka hættir kl. 14:00. Þeir sem skrá sig 11 km og myndu ganga hlaupaleiðina, gætu klárað hana á 2 – 2 ½ klst. Þannig að allir þeir sem eru óvanir hafa rúman tíma til klára hlaupið. Það er alls ekki svo að Stjörnuhlaupið sé fyrir ofurhlaupara. Garðabær er einn af okkar helstu bakhjörum sem styður við lýðheilsuál í bænum okkar. Þannig að

þetta hlaup er almenningshlaup fyrir Garðbæinga og aðra sem vilja hafa gaman og njóta í náttúrunni.”

Ög það hefur ávallt verið góð stemning í hlaupinu og hlauparar voru mjög ánægðir með þennan hlaupahring í fyrra? „Frá 2015 til og með 2022 var Stjörnuhlaupið haldið á götum innan bæjarins. Mikil ásókn hefur verið í náttúruhlaup hverskonar undanfarin ár og fyrra breyttu við um kúrs og færðum hlaupið út í náttúruna. Þátttaka í fyrra var mjög góð og hlauparar voru mjög ánægðir með þennan hlaupahring. Ungir sem aldnir tóku þátt og skemmtu sér vel. Margir hlaupahópar á höfuðborgarsvæðinu koma í Garðabæinn og byrja við Miðgarð til að fara Stjörnu-

hlaupsleiðina eins og hún er orðin kölluð í hlaupasamfélaginu.”

Þurfa hlaupara að græja sig sérstaklega upp fyrir utanvegahlaupin þ.e.a.s. kannski helst hvað skóbúnað varðar eða hvað? „Hlauparar sem taka þátt þurfa að græja sig sérstaklega eftir veðri og það þekjum við öll sem búum á Íslandi. En hvað varðar hlaupaskó, þá vil ég meina að það þurfi ekki sérstaka utanvegaskó til að fara þessa leið. Undirlagið á leiðinni er ekki torfært heldur þjappaðir molarstígir eins og eru í víðast hvar í Heiðmörk, hesta-stígir að hluta og góðir malarstígir.”

Lofa því að upplifunin verði góð

Svo gleðin verður við völd þann 18. maí og hver að hlaupa á sínum forsendum?

„Já, hver og einn, ungir sem aldnir, eru að hlaupa á sínum forsendum í þessu hlaupi. Að skokka eða hlaupa reynir á og á að gera það. Til þess erum við að skokka og hlaupa til að auka vellíðan og úthald. En ég get lofað því að upplifunin verði góð að hlaupa um þessa fallegu náttúru sem er við bæjardýrn hjá okkur. Þegar komið er í mark við Miðgarð verða veitingar og drykkir í boði, músík og stemning fyrir alla skokkara sem taka þátt,” segir Agnar Jón og nú er bara að skrá sig og vera með.

Þátttökugjald í hlaupið er 5.000 kr. til og með 17. maí, en það hækkar um 1.000 kr. á hlaupadegi. Skráning fer fram á hlaup.is

Afhending hlaupagagna verður í Miðgarði föstudaginn 17. maí frá kl. 16:00 til 18:00 og á hlaupadag laugardaginn 18. maí frá kl. 8:30 – 9:00. Hlaupið hefst svo stundvíslega klukkan 10:00.



Mynd frá stemningsferð hlaupahópsins yfir Laugavegin í fyrra sem farin var á tveimur dögum og gist í skála, en utanvegahlaup eru orðin vinsæl með þessum hætti. Ekkert mál að fá 50 manns til að fara yfir óbyggðir 55 km leið á tveimur dögum. Í hópnun voru hlauparar á öllum getustigum úr hlaupahópnum og sumir makar með í för

AUGLÝSING

Hnoðraholt norður - Þorraholt 2-4 - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðraholt norður – Þorraholt 2-4 í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. og 1. gr. 43. sömu laga.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingu deiliskipulags Hnoðraholt norður sem nær til verslunar og þjónustulóðanna Þorraholt 2 og Þorraholt 4 auk dælu- og spennustöðvarlóða.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

- Gert er ráð fyrir að lóðirnar Þorraholt 2-4, 2a og 2b (spennustöð og dælustöð) verði sameinaðar þannig að lóðin verði 11.406 m².
- 3.000 m² bætt við bílageymslu í kjallara.
- Nýtingarhlutfall breytt úr 2,2 í 2,4
- Hús nr. 2 er hækkað um 2,5m, verður í sömu hæð og upphaflegt deiliskipulag gerði ráð fyrir sem samþykkt var í desember 2021.
- Breidd byggingarreits húss nr. 2 minnkar úr 25m í 22m.
- Grasþaki breytt í bílastæðapark á húsi nr. 2.
- Austurhluti 1. hæðar í húsi nr. 2 verður atvinnurými í stað bílageymslu á 2 hæðum og byggingarreitur stækkar lítillega.
- Gert er ráð fyrir akstursrömpum innan lóðamarka.
- Gert ráð fyrir 4 kjöllörum í stað 2 - 3.
- Kjallari 2 verður atvinnurými.
- Staðsetning spennistöðvar eru inni á lóð Þorraholti 2-4.
- Lóð dælustöðvar verður felld út.
- Svalir og skyggni mega fara út fyrir byggingareit um allt að 2,0 metra.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef skipulagsgáttar Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is og á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn rafrænar athugasemdir til og með 13. júní 2024 í gegnum vef skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is

Breiðumýri – Grásteinsmýri – Deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu deiliskipulags Breiðumýrar á Álftanesi í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. og 1. gr. 43. sömu laga.

Tillagan nær til fjölbýlishúsa við Grásteinsmýri og gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

Hámarksfjöldi íbúða við Grásteinsmýri eykst um 18, úr 84 í 102.

Markmið breytingartillögunnar er að stuðla að meiri fjölbreytni á stærðum íbúða í Breiðumýri og auka framboð á minni íbúðum.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef skipulagsgáttar Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is og á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn rafrænar athugasemdir til og með 13. júní 2024 í gegnum vef skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is



33 gámar taka á móti vorhreinsun Garðbæinga

Eins og síðustu ár eru Garðbæingar hvattir til að hreinsa lóðir sínar í sameiginlegu átaki í maímánuði. Að þessu sinni verður vorhreinsunarátakið dagana 8.- 21. maí, en undanfarnar vikur hefur annað átak, hreinsunarátak, verið í fullum gangi þar sem Garðbæingar eru hvattir til að taka þátt í að hreinsa sameiginleg svæði.

Vorhreinsun lóða hefur vaxið í umfangi ár frá ári, í fyrra var gert ráð fyrir 20 milljón krónum í verkefnið en vegna umfangs fór það fjórum milljónum fram yfir áætlun. Í ár er gert ráð fyrir um 25% hagræðingu.

Þá er ótalin losun frá stórvirkum vinnuvélum sem eru að störfum í öllum götum bæjarins í langan tíma í maí til að taka á móti öllum úrgangi.

Að þessu sinni mun Garðabær koma fyrir ríflega 30 gámum um bæinn til að taka á



móti garðaúrgangi sem íbúar koma sjálfir í gámana. Fjöldi gáma endurspeglar þann mikla dugnað sem Garðbæingar hafa sýnt í vorhreinsun sinni, en í nágrannasveitarfélögum eru gámanir talsvert færri. Íþróttafélög og félagasamtök í Garðabæ hafa haft það til skoðunar að vera með fjárflokk og aðstoða fólk við að koma úrgangi í gámana. Ef af verður munu félögin auglýsa það sjálf.

Eldri borgurum og þeim sem þurfa aðstoð við að koma garðaúrgangi í gámana er bent á að hafa samband við þjónustumiðstöð Garðabæjar, sem verður þeim innan handar.

Vinsamlegast athugið að ekki má setja garðaúrganginn í pokum í gámana heldur skal losa úr pokunum beint í þá.

STJÖRNUHLAUP VHE

KOMDU OG HLAUPTU MEÐ
OKKUR 18. MAÍ

NÁTTÚRUHLAUP FYRIR ALLA

SKRÁNING Á
WWW.HLAUP.IS

11 KM
22 KM



VHE

POWER
ADE



Garðbæingar duglegir að plokka



Stóri Plokkdagurinn var haldinn sl. sunnudag en hann var nú haldin í sjöunda sinn. Stóri Plokkdagurinn hefur á nokkrum árum orðið einn af íslensku vorboðunum en hann er alla jafna haldin síðasta sunnudag í apríl. Langflest sveitarfélög landsins taka þátt í verkefni þá nýtir fjöldi fyrirtækja daginn og daganna í kring til að taka til hendinni og sama á við um hverfa- og félagasamtök ýmiskonar. Í ár stefnir í algjöra metþátttöku

og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins

Garðar og Hof tóku höndum saman Í Garðabæ tóku Rótarýklúbarnir Hof og Garðar höndum saman og plokkuðu við Vífilstaði og var síðan öllum vinnandi höndum boðið í grillpartý á eftir. Almar Guðmundsson bæjarstjóri mætti, opnaði verkefnið og plokkaði að sjálfsögðu.

Forsetinn plokkaði á Álftanesinu Þá plokkaði Guðni Th Jóhannesson, forseti Íslands á Álftanesinu með Rauða Krossinum, en Guðni Th hefur sannarlega verið ötull plokki og einn af lykilmálum þess að gera plokkið jafn vinsælt og raun ber vitni.

Einar Bárðarson er upphafsmaður Stóra plokkdagsins, en þar var Rótarýhreyfingin á Íslandi sem skipulagði daginn með aðstoð Einars og atfyllgi Landsvirkjunar

Félag eldri borgara í Garðabæ og Álftanesi Vorsýning í Jónshúsi 2.-4. maí 2024



MÁLUN - LEIR - TRÉSMÍÐI - GLER - PRJÓN - LEÐUR - HEKL

Tjaldaparið Gerður og Garðar í beinu streymi



Á þaki Garðatorgs 7, á bæjarskrifstofum Garðabæjar, mætir tjaldapar ár eftir ár og verpir á þaki hússins. Parið hefur fengið nöfnin Garðar og Gerður, en þau hafa vanið komur sínar á þakið að minnsta kosti síðastliðin 10 ár eða svo og reynt að koma upp ungum.

Garðabær hefur nú sett upp beint streymi frá þakinu á Garðatorgi, en þar er hægt að fylgjast með fuglunum – og vonandi ungum þegar líður á sumarið.

Arndís Kjartansdóttir, starfsmaður tölvudeildar Garðabæjar, hefur tekið Gerði og Garðar undir sinn verndarvæng og síðustu ár hefur hún gefið fuglunum mjölmormu og vatn til að aðstoða parið við að koma ungum á legg.

Ævintýri tjaldparsins á Garðatorgi hafa ekki alltaf endað vel því oft hafa ungarnir dottið niður af þakinu eða mávar hafa tekið þá, en mun meiri stöðugleiki hefur verið hjá Garðari og Gerði eftir að Arndís hóf að fódra þá. „Með því þurfa þau ekki að fara frá ungunum í leit að æti eins og þau þurftu áður, þá eru ungarnir mun öruggari,“ segir Arndís.

Þrír ungar urðu fleygir sumarið 2023. Háværar flugæfingar þeirra fóru væntanlega ekki fram hjá gestum Garðatorgs í júnímánuði í fyrra, en líklegast er best að líkja köllum Gerðar og Garðars við bilaða þjófavörn í bil.

Vefmyndavélin sýnir fódurstað fuglanna þar sem þeir fá að borða tvisvar á dag, klukkan átta að morgni og klukkan 14. Áætlað er að þeir verpi í kringum lok apríl og að ungar komi úr eggjum í lok maí. Ungarnir eru svo 28 daga að verða fleygir - svo þeir ættu að fljúga af þakinu í lok júní. „Undanfarin ár hafa verið um 2-3 egg í hreiðrinu og verður spennandi að sjá hvernig þeim tekst til í ár,“ segir Arndís.



TE & KAFFI

Erna hefur verið fastagestur
frá fyrsta degi eða í 40 ár!
Hún er partur af stórfjölskyldunni.



ÞÉR ER BOÐIÐ Í **40** ÁRA
afmæliscaffi

Te & Kaffi fjölskyldan fagnar 40 ára
stórafmæli! Við bjóðum öllum frían
afmælisbolla. Skannaðu kóðann
eða náðu í þinn bola á teogkaffi.is



Gildir til 1. júní

Það eru algjör forréttindi að vera treyst í þetta hlutverk bæjarfulltrúans og fyrir það er ég afar þakklát

- segir Sara Dögg Svanhildardóttir, oddviti Viðreisnar og bæjarfulltrúi sem hefur ákveðið að segja skilið við bæjarpólitikina í vor

Það kom mörgum í opna skjöldu í síðustu viku þegar Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi og oddviti Viðreisnar, tilkynnti að hún hafi ákveðið að láta staðar numið í pólitíkinni og mundi óska eftir því með vorinu að verða leyst frá störfum í bæjarstjórn Garðabæjar, en Sara Dögg tók sæti í bæjarstjórn eftir sveitarstjórnarkosningarnar í maí 2018.



Sara Dögg hættir í bæjarstjórn Garðabæjar í vor eftir 6 ára setu

Sara Dögg segist hafa verið falið óendanlega spennandi atvinnuverkefni sem er þess eðlis að hún verði alfarið að einbeita sér að því og segi því skilið við setu í bæjarstjórn Garðabæjar. En hvað tækifæri bauðst Söru Dögg á vinnu-markaðinum sem hún er svona spennt fyrir – um hvað snýst þetta verkefni? „Ég hóf störf hjá Vinnuálfstofnun um miðjan febrúar þar sem mér er falið að leiða þau verkefni sem framundan eru og falla undir aukna atvinnuþátttöku fatlaðs fólks. Nýverið samþykkti Alþingi landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks sem inniheldur fjölmargar tillögur til þess að bæta stöðu fatlaðs fólks og aukin atvinnuþátttaka er þar á meðal,” segir Sara Dögg.

Ekki svo ýkja flókin ákvörðun að hætta

Var þetta erfið ákvörðun þegar þetta atvinnutækifæri kom, að segja skilið við núverandi vinnu og setu í bæjarstjórn? „Þegar ljóst var í hvað stefndi var það ekki svo ýkja flókin ákvörðun. Ég hef lengi brunnið fyrir málefnum fatlaðra og gefist ákveðin tækifæri í bæjarstjórn vissulega til að ávarpa þau mál. En að fá tækifæri til að vinna að því að koma raunverulegum breytingum af stað er eitthvað annað. Mögulega má líkja því við að hafa sæti fulltrúa meirihluta í bæjarstjórn þar sem þú hefur raunveruleg tækifæri til þess að breyta standi hugur þinn á annað borð til þess.”

Mikilvægt að finna leiðir til þess að mæta þeim hindrunum sem mæta fötluðum einstaklingum

Þér hefur verið mjög umhugað um þennan málaflokk, málefni fatlaðra, það má sjá í fundagerðum í bæjarstjórn Garðabæjar í gegnum árin og þú hefur síðustu ár starfað hjá Þroskahjálpi við mennta- og atvinnutækifæri fatlaðra ungmenna. Hvenær náðu þessi málefni til þín? „Já, rétt er það. Ég get farið aftur til þess tíma þegar ég starfaði sem skólustjóri í grunnskólum Hjallastefnunnar að þá komu auðvitað öll mál er varðaði nemandur inn á mitt borð og þar á meðal fatlaðra barna. Þá fannst mér strax mjög

mikilvægt að setja þeirra stöðu í ákveðin fókusi í mínu starfi og finna leiðir til þess að mæta þeim hindrunum sem mætti þeim og þar hafði ég sannarlega tækifæri til þess að gera það og það var ótrúlega gefandi og eitt það eftirminnlegasta af þeim vettvangi eru þau verkefni sem snéru að þeim börnum að breyta í þeirra þágu og mæta þeim á þeirra forsendum. Það hefur gefið mér óbilandi trú á að það er hægt að breyta kerfunum okkar ef alvöru vilji og kjarkur er til þess.”

Töluverð breyting hvernig Garðabæjar heldur á málaflokknum í dag

Þetta eru oft á tíðum nokkuð erfið og flókin mál til úrlausna. Hvernig finnst þér Garðabær standa að málefnum fatlaðs fólks? „Ég verð að segja að ég sé töluverða breytingu á því hvernig Garðabær heldur á málaflokknum í dag frá

því að ég tók sæti við bæjarstjórnarborðið. En við getum gert betur það eru ennþá of margar hindranir í veginum. Við þurfum til dæmis að koma betur til móts við fötluð börn í íþrótt og tómstundastarfi en í dag stunda aðeins 4% fatlaðra barna einhverja íþrótt. Það er algjörlega óásættanlegt. Því skiptir máli og ég hef talað fyrir því nokkrum sinnum, mjög mikilvægt að festa í sessi álika verkefni og nú er í gangi, samstarfsverkefni Asparinnar og Stjórnunnar sem Gunnhildur Yrsa leiðir svo faglega og fallega. Þetta skiptir máli.”

Pólitíkin blundar alltaf í mér og mun gera það áfram

Það eru tæp sex ár síðan þú settist í bæjarstjórn Garðabæjar, fyrst fyrir hönd Garðabæjarlistans, 2018-2022 og svo fyrir Viðreisn frá 2022-2024. Hvernig kom það til að þú fórst að blanda þér í pólitíkina og ákvaðst að gefa kost á þér? „Það var heldur óvænt að ég fór að þæla í bæjarpólitíkinni í Garðabæ. Ég hef hins vegar verið í Viðreisna frá stofnun flokksins og var um tíma þar langt á undan í Samfylkingunni og tók m.a. þátt í prófkjöri fyrir Kragann eftir hrún. Þannig að pólitíkin blundar alltaf í mér og mun gera það áfram. Ég tel mig í bullandi pólitík í þeim verkefnum sem ég fæ tækifæri til að sinna í dag og vakna gríðarlega spennu alla daga fyrir verkefnum dagsins.”

Geng ég afar stolt frá borði

Þú varst oddviti Garðabæjarlistans árin 2018-2022 þar sem flokkurinn stóð sig vel og náði tveimur bæjarfulltrúum inn í bæjarstjórn, en þú ákvaðst síðan að stíga út og bjóða þig fram undir merkjum Viðreisnar í kosningunum 2022. Hvernig kom það til? „Við vissum að Viðreisn sem flokkur nyti ákveðins fylgis meða íbúa Garðabæjar og fannst það afar spennandi að láta reyna á það af alvöru. Við vissum af kjósendum sem hefðu gjarnan viljað hafa val á milli Sjálfstæðisflokksins og Viðreisnar í kosningum en gætu ekki hugsað sér að kjósa vinstri flokkana. Enda kom á daginn að Viðreisn hefur hvergi á landinu hlotið jafn mikið fylgi og í Garðabæ í síðustu kosningum því geng ég afar stolt frá borði og vona að mínu fólki gangi áfram vel í þeirri vegferð.”

Mikil vinna að stíja í bæjarstjórn ef maður ætlar að vanda sig og gera alvöru gagn

Þú segir skilið við bæjarstjórn Garðabæjar þar sem þú vilt einbeita þér að starfi þínu hjá Vinnuálfstofnun. Er mikil vinna að sitja í bæjarstjórn? „Já, það er gríðarlega mikil vinna sem fer í það að setja sig vel inn í mál ef maður ætlar að vanda sig og gera alvöru gagn. Þess vegna m.a. taldi ég mig þurfa að forgangsraða á þessum tímamarki. Ég hef hingað til valið og fengið tækifæri til þess að vera ekki alveg í fullu starfi með pólitíkinni sem gerði það að verkum að ég átti smá tíma aflögu og þurfti því ekki eingöngu að vinna pólitísku verkefni eftir almennan vinnutíma. En nú horfir öðruvísi við og verkefni framundan stór og þess eðlis að ég vil geta ein-

beitt mér alfarið að þeim. Og eiga einhvern tíma þar fyrir utan þar sem hausinn er ekki stöðugt að þæla í pólitík og næstu skrefum á þeim vettvangi.”

Ótrúlega þakklát fyrir þá reynslu og allt sem ég hef lært á þessum tíma

En hvernig hafa þessi sex ár verið í bæjarstjórn, mikill lærdómur, skemmtileg áskorun, góður vinnustaður og verður eftirsjá að hætta? „Frábær tími. Ég er ótrúlega þakklát fyrir þá reynslu og allt sem ég hef lært á þessum tíma. Það eru algjör forréttindi að vera treyst í þetta hlutverk bæjarfulltrúans fyrir það er ég afar þakklát. Ég fer mjög sátt. Ég er búin að atast í þessu í 6 ár stundum full mikið að mati einhverra og látið fara þokkalega mikið fyrir mér sem ég hef notið og haft einstaklega gaman af. Hlutverkið er kannski ekkert sérstaklega vel varið. Við erum berskjölduð og stundum eru óþarflega mikil átök en heilt yfir gengur vel og það er einhver galdur og töfrar sem felast í því að skipta á skoðunum og best ef hægt er að vinna saman og sameina ólík sjónarmið. Þannig á það auðvitað að vera og það hef ég verið óþreytandi að benda félögum mínum í Sjálfstæðisflokknum á í gegnum þessi ár og svei mér þá ef það er ekki loks að skila smá árangri.”

Mér hefur alla tíð liðið vel í Garðabæ og þykir gott að búa í sveitarfélaginu

Þú ert kennari að mennt og kynntist eiginlega Garðabæ fyrst í gegnum kennarastarfið er þú hófst störf við Barnaskólann á Víflsstöðum árið 2004 og svo flytur þú í bæinn árið 2012 og hefur ilengst hér síðan. Hvernig er lífið í Garðabæ, er þetta gott sveitarfélag og gott að búa í bænum? „Já, rétt. Ég hef verið viðloðandi Garðabæ frá 2004 og ég get fullyrt að samfélagið hefur tekið mjög miklum breytingum síðan þá. Mér hefur alla tíð liðið vel í Garðabæ og þykir gott að búa í sveitarfélaginu. Við höfum öll tækifæri til þess að samfélagið haldi áfram að blómstra og eflast í krafti fjölbreytileikans sem fer vaxandi.”

Er Crossfit-ari

Og svona að lokum, þegar Sara Dögg er ekki í vinnunni, hvað er hún þá að gera, einhver áhugamál sem þú stundar utan vinnutímans? „Ó já. Ég æfi mikið, er Crossfit-ari eins og það kallast. Yfir sumartímamann ver ég öllum stundum sem bjóðast úti á golfvelli, elska almennt að vera úti í náttúrunni og ferðast jafnt innanlands sem utan er meðal annars á leið til Japans í maí sem ég hlakka gríðarlega mikið til. Geng á fjöll og hjóla. Svo er alltaf gott að eiga góðar stundir með vinum og hafa gaman.”

Áttu von að snúa einhvern tímann aftur í pólitíkina, tvö ár í næstu sveitarstjórnarkosningar? „Hahaha. Satt best að segja á ég ekki von á því,” segir Sara Dögg að lokum.

hh simonsen

GEFÐU GJÖF SEM ENDIST

hh simonsen

ROD VS1	ROD VS2	ROD VS3	ROD VS4	ROD VS6	ROD VS7	ROD VS10	ROD VS11	ROD VS12	ROD XXL

ROD VS5

ROD VS8

ROD VS9

HVER ER ÞÍN UPPÁHALDS KRULLA?

Þú getur töfrað fram krullur, liði og bylgjur í öllum stærðum og gerðum með járnum frá HH Simonsen

ÞAD ER FIMM ÁRA ÁBYRGÐ Á RAFTÆKJUNUM FRÁ HH SIMONSEN SEM ERU KEYPT Á EINUM AF VIÐURKENNDU SÖLUSTÖÐUM HH SIMONSEN Á ÍSLANDI. ÞÚ FINNUR LISTA YFIR VIÐURKENNDA SÖLUSTADI Á BPRO.IS

Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is
Facebook.com/Gardaposturinn.is
Twitter.com/Gardapostur
Instagram.com/Gardaposturinn

Vorverkin í Garðabæ!


Eins og síðustu ár eru Garðbæingar hvattir til að taka þátt í vorverkunum með sameiginlegu átaki. Gerum Garðabæ að snyrtilegasta bæ landsins!

8. – 21. MAÍ
VORHREINSUN LÓÐA

Að þessu sinni mun Garðabær koma fyrir ríflega 30 gámum um bæinn til að taka á móti garðaúrgangi sem íbúar koma sjálfir í gámana. Fjöldi gáma endurspeglar þann mikla dugnað sem Garðbæingar hafa sýnt með vorhreinsun sinni undanfarin ár.



Staðsetningar gáma fyrir Vorhreinsun lóða




Dagana 8.–21. maí 2024



GARÐABÆR

1. Grenndarstöð Norðurnesvegur
2. Opið svæði við Suðurnesveg
3. Malarplan Breiðumýri
4. Bílastæði Bjarnastaðir
5. Grenndarstöð Suðurnesvegur
6. Á horni Nausta- Boðahleinar
7. Malarsvæði Gálgahraunsvegur
8. Malarplan við Arnarnesveg
9. Botnlangi Hlíðarás
10. Áhaldahús lóð Lyngás 18
11. Grenndarstöð Sjáland
12. Botnlangi Mávanes
13. Botnlangi Haukanes
14. Malarplan við Arnarnesveg
15. Botnlangi Silfurtún/Aratún
16. Malbikað svæði við Bæjarbraut 7
17. Bílastæði við grenndargáma Ásgarði

18. Botnlangi Stekkjarflöt
19. Botnlangi Sandakur
20. Opið svæði við Krókamýri/Ljósamýri
21. Bílastæði Garðatorg/Kirkjulundur
22. Graseyja á milli Móaflatar 12 og 16
23. Botnlangi Sandakri
24. Grenndarstöð Skólabraut
25. Botnlangi Hlíðarbyggð
26. Gamla nunnuklaustur, Holtsbúð 87
27. Bílastæði við leikskólann Lundaból
28. Botnlangi Markarflöt
29. Bílastæði Háhæð
30. Opið svæði við Hæðarbraut/Aftanhæð
31. Malarsvæði Vetrarbraut/Háholt
32. Malarsvæði við Holtsveg 12
33. Malarsvæði við Vinastræti



Við erum í skýjunum með nýju viðbótina

- segir Þorgerður Anna Arnardóttir, skólastjóri við Urriðaholtsskóla, en 2. áfangi skólans var tekinn formlega í notkun síðasta vetrardag

Það voru nokkuð stór tímamót í Urriðaholtsskóla á síðasta vetrardag, en þá var annar áfangi skólans tekinn formlega í notkun auk þess sem skólinn fagnaði 6 ára afmæli.

Framkvæmdaraðili 2. áfanga Urriðaholtsskóla var ÞG verk ehf, en áfanginn er á 2 hæðum og er hann sambyggður fyrsta áfangi við vesturgöf og að öllu leyti eins útfærður. Mjög vel tókst til, en byggingin er einangruð að utan með samskonar klæðningu og á henni er flatt, tyrft þak. Heildarstærð 2. áfanga er um 4.900 m².

Í tilefni af þessum tímamótum tóku nemendur og starfsfólk skólans á móti foreldrum og gestum. Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Sigríður Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar og formaður skólaneftndar og Margrét Bjarnadóttir, formaður leikskólaneftndar klipptu á borða vegna vígslu annars áfanga með aðstoð nemenda úr skólanum. Þá lét hluti nemenda við skólann ljós sitt skína með fallegum skólasöng og Þorgerður Anna Arnardóttir, skólastjóri skólans hélt stutt ávarp ásamt Almari. Að því loknu var boðið upp á íspinna og foreldrar gátu skoðað nýja áfangann og verkefni nemenda.

Útsjónarsemi starfsfólksins til fyrirmyndar Og Þorgerður Anna er að sjálfsgöðu ánægð með nýju viðbótina enda breytir hann miklu hvað skólastarfið varðar; eða ertu ekki áhugað með að það sé búið að taka nýja áfangann í notkun? „Við erum í skýjunum með nýju viðbótina. Síðastliðið haust var afar þröngt á þingi hér í skólanum, list- og verkgreinastofur á frammi á gangi, heimilisfræði á hjólum og útsjónarsemi starfsfólks í þessum aðstæðum til fyrirmynd. Fram til þessa höfum við ekki verið matsal eða almennilega aðstöðu fyrir list- og verkgreinar en núna verður breyting á þessu og við byrjuð að koma okkur fyrir,” segir Þorgerður Anna.

190 leikskólabörn frá eins árs aldri
Og hvað bætist við skólann með þessari stækkingu og breytir þetta miklu fyrir skólastarfið? „Þetta styður í alla staði við allt skólastarfið. Við fáum svigrúm til að fjölga tímabundið nemendum á leikskólastigi, en næsta vetur verða hér um 190 leikskólabörn frá eins árs aldri. Þá verðum við í fyrsta sinn með faggreinastofur í list- og verkgreinum og við erum afar heppin að vera með góða kennara til að sinna þeim greinum.”

Nemendur og foreldrar fjölmenntu í Urriðaholtsskóla er 2. áfangi var tekinn í notkun



F.v. Guðbjörg Linda Udengard, sviðsstjóri fræðslu- og menningar sviðs, Margrét, Sigríður Hulda, Almar, Þorgerður Anna, Þórey Hulda Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri leikskólastígs og Una Guðrún Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri grunnskólastígs

Starfsmannahópurinn talar stundum um landsliðið

Það eru sex ár liðin síðan skólinn var tekinn í notkun, hvernig finnst þér þessi tími hafa verið og hvernig hefur skólinn í raun dafnað og vaxið? „Við starfsmannahópurinn tölum stundum um landsliðið en það er enginn einn sem byggir upp skóla. Hér hafa valist til starfa einstaklega fagfólk sem hefur hag og velferð barna að leiðarljósi. Við höfum vaxið hratt og hröðum vexti geta fylgt ákveðin vaxtaverkir, en starfsfólk hefur verið einstaklega sveigjanlegt og tilbúið að fara ótrúnar leiðir til að móta og byggja upp þetta frábæra skólasamfélag. Síðan er foreldrasamfélagið almennt uppbyggilegt og vinnur með okkur í þessum aðstæðum, sýnir vaxtaverkjum skilning og leggst á áramar með okkur að efla og styrkja samfélagið eins og kostur er.”

Þetta ferðalag hefur verið áskoron en skemmtileg áskoron

Og þú sagðir í ávarpinu þínu að skólinn skori hátt og það sé eftirsóknarvert að starfa í honum? „Skólaláttinn er lagður fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk annað hvert ár og í niðurstöðum könnunar þetta skólaárið er almenn vellíðan í starfsmannahópinum, helgun í starfi mikil, samvinna og samskipti afar góð og stuðningur í starfi til fyrirmyndar. Svona niðurstöður koma ekki af sjálfu sér, við erum að verða til og það tekur að lágmarki tíu ár að skapa og byggja upp skólasamfélag. Þetta ferðalag hefur verið áskoron, en skemmtileg áskoron og við leggjum okkur fram við að styðja og efla starfsfólk eins og kostur er þannig að nemendur fái notið sín hver og á einn á sinn máta. Það hefur verið mikill áhugi á kennarastöðum á grunnskólastigi og haustið nánast mannað, okkur mun vanta til viðbótar í frístundina okkar. Það er erfiðara að manna á leikskólastigi en fram til þessa hefur það gengið vel og horfur góðar, bætt starfsumhverfi leikskólastígs er að laða að gott fólk, en við leitum enn að góðu fólki til að sinna yngstu börnunum okkar.”

Um og yfir hundrað börn í hverjum árgangi
Þú nefndir það líka í ávarpinu þínu að foreldrar hafi nýtt Covid-tímann vel því það hafi fjölgað mjög í skólanum á síðustu árum? „Þegar skólinn opnaði í apríl 2018 mættu 33 börn á leikskólastigi og þá um haustið urðu leikskólabörn 75 en grunnskólabörn voru 24 í 1. til 4. bekk, elsti árgangurinn er 2009. Þá voru við eingöngu með leikskóladeildir tilbúna. Staðan var þannig að foreldri sótti um fyrir leikskólabarn og það gat komið í aðlögun í vikunni á eftir. Síðan hefur fjölgað hratt og örugglega og frá 2020 eru um og yfir hundrað börn í hverjum árgangi. Skólinn mun því halda áfram að vaxa hratt og það verður stutt í að við fyllum öll rými. Næsta vetur verður t.d. 5 ára börn á heimasvæðum grunnskólastígs og við munum geta

nýtt grunnskólarými áfram haustið 2025, en síðan verður það erfiðara og áður en við vitum af verður yfirfullt hjá okkur miðað við núverandi íbúatölur í hverfinu. En þetta eru spennandi tímar, nemendur á mið- og unglingsstigi hafa t.d. komið að mótun og opnun félagsmiðstöðvarinnar Urriða og núna í apríl varð félagsmiðstöðin formlega aðili að SAMFÉS. Frístundaheimili Urriðaholtsskóla, Urriðakot stefnir í að verða fjölmennasta frístundaheimili sveitarfélagsins og það er kappkostað við að halda úti faglegu og öflugum starfi á öllum vígstöðum. Þá er Tónlistarskóli Garðabæjar með aðstöðu innan skólans og nemendum Tónlistarskólans fjölgar jafnt og þétt einnig.”

Biðum spennit eftir næsta áfanga

Og skólinn mun stækka enn frekar í apríl 2026 því Garðabær auglýsir um þessar mundir eftir tilboðum í þriðja áfanga skólans, en í þeim áfanga er gert ráð fyrir íþróttasal og innisundlaug ásamt tilheyrandi rýmum auk kennslurýma að hluta. Þú ert væntanlega spennit fyrir þessum þriðja og síðasta áfanga? „Við biðum spennit eftir næsta áfanga, í dag er börnum ekið í sundkennslu á Álfanes og yfir veturinn er íþróttakennsla í Miðgarði. Að nýta tíma barna betur og losna við þennan akstur er tilhlökkunarefni en í upphafi skólaárs og strax eftir páska hafa skólaíþróttir farið fram úti enda erum við með frábæra aðstöðu, bæði á skólalóð skólans sem og í Vinagarði. Þá erum við með færanlegar stofur á lóðinni og næsta vetur munum við nýta hreyfirými þar fyrir ákveðna kennslu, sérstaklega hjá yngstu nemendum.”

Steypan og umgjörðin

skapar ekki farsælt skólastarf

Verður þetta þá fullkominn skóli þegar þriðja áfanga líkur hvað aðstöðuna varðar og það fer vel um alla? „Við verðum í velbúnum skóla þegar uppbyggingu lýkur en gleymum því ekki að steypa og umgjörðin skapar ekki farsælt skólastarf heldur fólkið sem starfar í skólanum. Við erum að byggja upp einstaka stoðþjónustu sem vinnur þvert á skólastigi, þá eru þéttir hópsins og samheldni að styrkjast alla daga og það gerir skólann að góðu og faglegu skólasamfélagi. Ég er óendalega stolt af landsliðinu í Urriðaholtsskóla, starfsfólki, nemendum og aðstandendum þeirra,” segir Þorgerður Anna að lokum.

440 nemendur stunda nám við skólann

Urriðaholtsskóli starfar á tveimur skólastigum, leik- og grunnskólastigi, en er eitt skólasamfélag og í dag stunda 440 nemendur nám við skólann, 140 á leikskólastigi og 300 á grunnskólastigi. Þegar heildar nemendafjöldi er tekinn saman er Urriðaholtsskóli þriðji fjölmennasti skóli sveitarfélagsins og við hann starfa að jafnaði um 130 einstaklingar í rúmlega 100 stöðugildum.



eignaumsjon.is

VR

FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI 2023
Eignaumsjón

2023 Fyrirmyndarfyrirtæki
í rekstri
Vöðvæðing 5000000

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800



ÞG verk óskar Garðabæ, nemendum, foreldrum og starfsfólki til hamingju með stækkun Urriðaholtsskóla

Við þökkum bæjaryfirvöldum í Garðabæ og öllum þeim sem komu að uppbyggingu 2. áfanga fyrir gott og ánægjulegt samstarf



ÞG Verk er traustur byggingaraðili með yfir 25 ára reynslu

ÞG Verk er alhliða byggingafyrirtæki sem hefur í 25 ár safnað upp víðtækri verkþekkingu með því að byggja allar tegundir mannvirkja, s.s. virkjanir, skóla, brýr, íbúðir og verksmiðjuhúsnæði. Félagið hefur áunnið sér traust opinberra aðila og stórfyrirtækja með skipulegu vinnulagi, skilum á réttum tíma, vönduðu verki og öruggum viðskiptum.

Rúmlega 1090 börn tóku þátt á Barnameningarhátíðni

Dansgleði, blómasprengja og lífið í gamla daga

Það voru ánægðar fjölskyldur sem tóku þátt í viðburðum sem mörkuðu lok Barnameningarhátíðar í Garðabæ laugardaginn 27. apríl.

Rúmlega 1090 börn tóku þátt í dagskrá á skólatíma og mörg þeirra komu með fjölskyldur sínar á eldblómasmiðju í Hönnunarsafninu, draugafærði á Bókasafninu, landnámskrakkapælingar í Minjagarðinum og danspartý á Garðatorgi.

„Ég er gífurlega ánægð með þátttöku skólanna á Barnameningarhátíð, fjölbreytt dagskráin er sniðin að börnunum og það er gaman að sjá að krakkarnir draga foreldrana með sér á viðburði í lok hátíðarinnar,“ segir Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi sem á veg og vanda að skipulagi Barnameningarhátíðar í Garðabæ.



Anna Guðrún, Sigfús og Erna voru mætt með hjólin sín til að láta Mr. Bæk yfirfara þau, en fjölskyldan hefur mætt til hans á hverju ári undanfarin ár



Allt sem þú vilt vita um friðlýsta fólkvanginn í Urriðakotshrauni

urridavatnsdalir.is



HARPA
ÚTFARARSTOFA


Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045



Klaustrið í Garðabæ

Garðabær óskar eftir upplýsingum frá hæfum aðilum sem hafa áhuga á að taka þátt í samstarfsverkefni um kaup eða leigu, endurbætur, viðhald og rekstur á húsnæði Garðabæjar við Holtsbúð 87 í Garðabæ.

Húsnæðið er betur þekkt undir heitinu *Klaustrið* og var áður í eigu Sankti Jósefssystra. Í kaupsamningi Garðabæjar og systranna er kvöð, sem gildir til ársins 2028, um að húsnæðið verði nýtt fyrir starfsemi í þágu aldraðra eða annarrar sambærilegrar starfsemi á sviði mannúðar, heilbrigðismála, barna eða unglunga. Húsnæðið hefur verið í takmarkaðri notkun undanfarið og þarfnast skv. fyrirbyggjandi ástandsmati töluverðs viðhalds og endurnýjunar.

Leitað er að aðilum sem t.d. væru tilbúnir til að:

- Kaupa eða leigja húsnæðið að hluta eða í heild til að reka þar starfsemi sem rúmast innan ramma þeirra kvaða sem á því hvíla.
- Sjá um viðhald og endurbætur húsnæðisins m.t.t. þeirrar starfsemi.

Garðabær hefur mikinn áhuga á að húsnæðið gangi í endurnýjun lífdaga hvað varðar endurbætur og gott viðhald og að það sé gætt nýju lífi með öflugri starfsemi sem tekur tillit til umhverfisins og íbúa í nágrenninu.

Eingöngu er hér um markaðskönnun (RFI) að ræða, til að afla upplýsinga um hugmyndir áhugasamra aðila á markaði um nýtingu húsnæðisins og hvernig þær falla að þörfum Garðabæjar. Ekki er tryggt að markaðskönnun þessi leiði til útboðs og að taka eða taka ekki þátt í henni er ekki forsenda fyrir þátttöku í hugsanlegu síðara innkaupaferli / útboði.

Nánari upplýsingar um markaðskönnunina eru aðgengilegar á útboðsvef VSÓ Ráðgjafar á vefslóðinni <https://vso.ajoursystem.net/> frá og með **miðvikudeginum 24. apríl 2024**. Svörum skal skila með rafrænum hætti á framangreindan útboðsvef eigi síðar en **þriðjudaginn 14. maí 2024, kl. 14:00**.



Um 160 konur mættu prúðbúnar til leiks í kvennatöltið

Kvennatölt Sprettis og Mercedes Benz var haldið laugardaginn 13. apríl í Samskipahöllinni í Kópavogi.

Viðburður sem hefur fest sig í sessi hjá konum á öllum aldri

Um 160 konur mættu prúðbúnar til leiks og keppt var í fimm flokkum. Viðburðurinn hefur fest sig í sessi hjá konum á öllum aldri sem koma víðsvegar að af landinu. Að vanda var mótið hið glæsilegasta, keppendur voru til fyrirmyndar og gleðin við völd innan vallar sem utan.

Viðburður sem þessi krefst mikillar skipulagningar, sjálfbæði sem vilja leggja sitt af mörkum og fyrirtæki sem styrkja viðburðinn eða veita vegleg verðlaun.

Kvennatöltsnefnd Sprettis vill þakka öllum sem lögðu hönd á plóg kærlega fyrir sitt framlag.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá viðburðinum sem Einar Valur Einarsson tók fyrir Hestamannafélagið Sprett.



Pálína Margrét og Ásdís



Í stjórn kvennatöltsins eru þær Anna, Jónína, Oddný, Ásgerður formaður, Matthildur, Auður og á myndina vantar Elvu



Í úrslitum á T3, B-úrslit eru þær f.v. Sigurbjörg Jónsdóttir og Alsæll, Erla Katrín og Harpa, Oddný og Gígja, Erna og Leiknir og Hrafnhildur og Loki



Auður Stefánsdóttir

Bylgja á Goða



Þórunn og Gígja



Eydís Ósk og Heiða

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Hröð og vönduð þjónusta. Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR
MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680

Vefmiðill Garðapóstins kgp.is
Facebook.com/Gardaposturinn.is
Instagram.com/Gardaposturinn

Vantar þig öflugan **LIÐSTYRK?**



NUTRILENK Gelið

Frábær viðbót við Nutrilenk Gold. Gelið má nota bæði á vöðva og á liði. Gott bæði fyrir og eftir hreyfingu.

NUTRILENK Active

Bætiefni sem fyrst og fremst er ætlað þeim sem þjást af minnkuðum liðvökva. Virkar vel með Nutrilenk Gold.



NUTRILENK Gold

Mest selda liðbætiefni á Íslandi. Virkar sem byggingarefni fyrir brjósk sem byrjað er að eyðast.

Mest selda **LIÐBÆTIEFNI** á Íslandi

Ísold Sævarsdóttir Íþróttamaður Stjórnunnar 2023

Á aðalfundi Stjórnunnar í síðustu viku voru veittar ýmsar viðurkenningar eins og venjan er á fundinum og meðal annars var íþróttamaður Stjórnunnar ársins 2023 valinn, þjálfari, lið og deild ársins.

Íþróttamaður ársins 2023
Ísold Sævarsdóttir
körfuknattleiks- og frjálsíþróttakona

Ísold Sævarsdóttir var fyrirlíði meistara-flokks kvenna hjá Stjórninni sem vann 1. deildina í körfubolta í vor. Hún vann einnig til fjölmargra titla í yngri flokkunum. Ísold var valin varnarmaður ársins í 1. deild kvenna. Einnig lék hún stórt hlutverk í góðum árangri U16 ára landsliði stúlkna sem náði besta árangri kvennaliðs í langan tíma á EM í Svartfjallalandi í sumar. Ísold hefur byrjað tímabilið frábærlega í Subway-deildinni og toppaði svo árið með því að spila sína fyrstu A-landsleiki í körfubolta þar sem hún var í stóru hlutverki í leikjum á móti Tyrklandi og Rúmeníu. Gaman er að segja frá því að Ísold er mjög fjölhæf frjálsíþróttakona og náði frábærum árangri í þeirri íþrótt á árinu 2023.

Lið ársins 2023
Meistaraflokkur kvenna í körfuknattleik

Mikill uppgangur hefur verið í körfubolta kvenna síðastliðin ár. Haustið 2020 ákvað stjórn körfuknattleiksdeildar að horfa inn á við og byggja upp lið mfl. kvenna frá grunni. Uppbyggingin skilaði sér tímabilið 2022/2023 þar sem lið Stjórnunnar tryggði sér þátttökurétt í Subway-deild kvenna.



Íþróttamaður Stjórnunnar! Ísold Sævarsdóttir, íþróttamaður Stjórnunnar 2023 ásamt Sigurði Guðmundssyni formanni Stjórnunnar og Baldvini Sturlusyni framkvæmdastjóra Stjórnunnar

Hópurinn er mjög samheldinn og hefur liðið tekið miklum framförum á síðustu árum.

Amar Guðjónsson og Auður Íris Ólafsdóttir eiga hrós skilið fyrir sín störf sem þjálfarar liðsins. Ásamt því að hafa komið liðinu upp í deild þeirra bestu, hefur liðið staðið sig gríðarlega vel í Subway-deildinni.

Haustið 2023 spilaði liðið 12 leiki í deildinni og unnu 8 af þeim leikjum. Uppgangurinn heldur áfram og verður gaman fyrir stuðningsmenn Stjórnunnar að fylgjast með liðinu á næstu árum.

Þjálfari ársins 2023
Jökull Elisubetarsón þjálfari
meistaraflokks karla í knattspyrnu

Eftir 6 umferðir var karla lið Stjórnunnar í fótbolta með 3 stig í Bestu-deildinni.

Væntingar til liðsins voru töluverðar og var því ákveðið að skipta um þjálfara. Jökull Elisubetarsón hafði verið aðstoðarmaður Ágústar Gylfasonar og ákveðið var að Jökull tæki við liðinu 10. maí 2023.

Jökli tókst heldur betur að snúa gengi liðsins við og spilamennska liðsins á tímabilinu var stórkostleg skemmtun. Liðið endaði í fjórða sæti deildarinnar þegar deildinni var skipt upp. Með frábærum árangri í úrslitakeppninni náði liðið að tryggja sér 3. sæti og tryggja sér þar með þátttökurétt í Evrópukeppni árið 2024.

Deild ársins
Knattspyrnudeild Stjórnunnar

Knattspyrnudeild Stjórnunnar fær nafnbótina „Deild ársins 2023“. Starfsemi deildarinnar hefur gengið vel síðastliðin ár og töluverð fjölgun hefur verið í barna- og unglingsstarfi félagsins. Iðkendur í barna- og unglingsstarfinu voru 1065 í lok árs 2023. Árangur meistaraflokka deildarinnar var góður á árinu. Mfl. kvenna endaði í 4. sæti í Bestu deild kvenna og mfl. karla endaði í 3. sæti sem tryggði þeim þátttökurétt í Evrópukeppni árið 2024. Afreksfólk deildarinnar hefur vakið athygli erlendis og fóru 4 leikmenn út í atvinnu-mennsku á árinu. Ísak Andri Sigurgeirsson og Guðmundur Baldvin Nökkvasón fóru á miðju leiktímabili og þau Sædis Rún Heiðarsdóttir og Eggert Aron Guðmundsson eftir leiktímabilið 2023.



Þjálfari Stjórnunnar! Jökull Elisubetarsón ásamt Sigurður og Baldvini

Hundabann á varptíma við vötnin



Hundum er bannaður aðgangur í friðlandi Vífilsstaðavatns og Urriðavatns yfir varptímann, tímabilið 15.apríl til 15. ágúst.

Allir eru hvattir til að vernda fuglalíf við vötnin



GARÐABÆR

Nýr samningur við skátana



Urður Björg og Almar Guðmundsson undirrituðu samstarfssamninginn

Skátafélagið Vífill á veg og vanda að sumardegnum fyrsta í Garðabæ sem haldinn var í síðustu viku í Miðgarði, þar sem fjöldi barna og fullorðinna nutu dagsins með tónlist og fjölbreyttri afþreyingu!

Almar Guðmundsson bæjarstjóri og Urður Björg Gísladóttir félagsforingi undirrituðu notuðu tækifærið og samstarfssamning í tilefni dagsins um rekstrarstyrk og námskeiðshald meðal annars.

Aðsend grein Sara Dögg Svanhildardóttir

Baldur Þórhallsson er minn forseti!

Forseti verður að geta sameinað þjóð sína. Þess vegna styð ég Baldur Þórhallsson í embætti forseta Íslands.

Forseti verður að þekkja og skilja íslenskt stjórnerfi. Þess vegna styð ég Baldur Þórhallsson í embætti forseta Íslands.

Forseti verður að hafa tengsl við alþjóðasamfélagið og hafa skýra sýn á hlutverk sitt í samtali þjóða. Þess vegna styð ég Baldur Þórhallsson í embætti forseta Íslands.

Forseti þarf að hafa hjartað á réttum stað, innsæi og mennsku til þess að ljá stöðu þeirra sem minna mega sín í samfélaginu rödd. Þess vegna styð ég Baldur Þórhallsson í embætti forseta Íslands.

Hvað er það þá við leiðtogann Baldur Þórhallsson sem tryggir þessa mikilvægu eiginleika sem forseti Íslands þarf að bera?

Baldur hefur upplifað að tilheyra hluta þjóðar sem ekki hafði viðurkenningu samfélagsins og tekið þátt í því að sameina þjóð gegn forðómum og litilsvirðingu í garð hinsegin samfélagsins í áratugi og gerir enn.

Af innsæi og mennsku hefur Baldur nálgast þá baráttu í samtali og af virðingu við valdhafa hverju sinni, kirkjuna og samferðafólk.

Íslenskt samfélag hefur umbreytt hratt í fjölmenningarsamfélag og að breyttu samfélagi þarf að hlúa af alúð og mennsku þar getur Baldur vegna eigin reynslu og þekkingar lagt sitt á vogaskálamar í embætti forseta.

Baldur hefur haft það að ævistarfi að rýna og rannsaka stöðu smárikja í alþjóðasamfélaginu, verið pólitískur álitsgjafi og þek-



Sara Dögg Svanhildardóttir

kir því íslenskt stjórnerfi afar vel. Rýnt stöðu Íslands í samfélagi þjóða og vegið og metið styrkleika landsins í alþjóðavettvangi.

Baldur hefur skýra sýn á hlutverk forsetans þegar kemur að alþjóðavettvangi og styrkleika Íslands í því samtali sem vert er að deila með öðrum ekki sist til þess að styðja við mannréttindabaráttuna um allan heim og mikilvægi þess að stuðla að friði.

Það er mikill styrkur að forseti Íslands eigi maka sem hefur rödd, og skýra sýn á hlutverk sitt í því mikilvæga hlutverki sem það er að vera maki forsetans.

Baldur og Felix leggja áherslu á öll börn og ungmenni og hyggjast nýta dagskrárvald forsetaembættisins meðal annars til þess að ljá þeim mikilvæga rödd.

Þess vegna vil ég sjá Baldur OG Felix á Bessastaði.

Sara Dögg Svanhildardóttir
Stuðningskona Baldurs og Felix

Vefsíða Gardapóstsins kpg.is

Fylgdu okkur á: [Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)
[Twitter.com/Gardapostur](https://twitter.com/Gardapostur) - [Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)



GARÐABÆR





Betri



GARÐABÆR

Við kjósum 8. - 20. maí



Allir skemmtu sér vel í Miðgarði á sumardaginn fyrsta

Ungir sem aldri skemmtu sér vel í Miðgarði á sumardaginn fyrsta, en fjölbreytt skemmtidagskrá var í boði í eftir að hátíðargestir höfðu gengið fylktu liði frá Hofsstaðaskóla.

Aníta Rós, Villi Naglbítur, Guðrún Kristín og Bjarni skemmtu gestum og auk þess var boðið upp á andlitsmálun, velibílinn, hoppukastala og töframenn, en það var Skátafélagið Vífill sem hélt utan um skemmtunina með myndarbrag.




Grillvörur Hafsins
eru komnar í verslanir
okkar





GARÐABÆR



ÚTIVISTAR- REGLURNAR*

*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

1. maí til 1. september

**12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 22**

*13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 24*

Á skólatíma 1. september til 1. maí

**12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20**

*13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22*



www.samanhopurinn.is

FORELDRAR VERUM SAMTAKA!

Foreldrum er heimilt að stytta þennan tíma en ekki lengja. Bregða má út af reglu-
num þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13-16 ára eru á heimleið frá
viðurkenndri skóla,- íþróttá- eða æskulýðssamkonu. Aldur miðast við fæðingarár.

3. — 5. maí 2024

Jazzþorpið í Garðabæ



FÖSTUDAGUR 3. MAÍ

Kl. 18 á litla sviði

- **Opnun Jazzþorpins 2024**
Jazzþorpið sett af bæjarstjóra, Almari Guðmundssyni ásamt þorpsfógetanum Ómari Guðjónssyni.
- Píanótrío jazzmeistara Þóris Baldurssonar.

Kl. 20 á stóra sviði

- **LOS BOMBONEROS**

Latinhljómsveit sem kemur með föstujazzstemninguna.

Kl. 22 á litla sviði

- **DJ - Ingibjörg Elsa Turchi**
Jazzstjarnan spilar vínijazzplötur.

LAUGARDAGUR 4. MAÍ

Kl. 11

- **Þorpið opnar.** Veitingasala og búðir.
Dagskrá frá kl. 12 – 18:30 á litla sviði:

Kl. 12

- **Kári Egilsson tríó**
Rísandi stjarna.

Kl. 13

- **Sunna Gunnlaugs tríó**
Upphaf Evróputúrs til fjögurra landa hefst í Garðabæ!

Kl. 14

- **Magnús Jóhann & Óskar Guðjónsson**
Heitir úr hljóðveri með nýja afurð.

Kl. 15:30

- **Jazzspjall með Vernharði Linnét**
Skemmtisögur af frægum erlendum jazzstjörnum.

Kl. 18

- **Jazz-gettu-betur**
Jazzarar láta reyna á sína jazzvisku.

Kl. 20 á stóra sviði

- **RAGNHEIDUR GRÖNDAL OG ÁRABÁTARNIR**

Konur og upphaf sveiflunnar

Tónlist sem lyftir andanum.

Kl. 22 á litla sviði

- **DJ - Ingibjörg Elsa Turchi**
Vínijazzplötum þeytt af bassaleikaranum.

SUNNUDAGUR 5. MAÍ

Kl. 11

- **Þorpið opnar.** Veitingasala og búðir.
Dagskrá frá kl. 12 – 18:30 á litla sviði:

Kl. 12

- **Silva og Steini flytja Chet Baker**
með sínu nefi

Kl. 14.30

- **Jazzspjall með Steingrími Teague**
Líf og list Chet Baker.

Kl. 15.30

- **Ungir jazz**

Kl. 18:00

- **Úrslit Jazz-gettu-betur**

Kl. 20 á stóra sviði

- **BRÍET, GDRN, KK OG SIGRÍÐUR THORLACIUS**

syngja Chet Baker ásamt hljómsveit

TÓMASAR R. EINARSSONAR

Góði hirðirinn er í samstarfi við Jazzþorpið í Garðabæ. Öll húsgögn og smámunir til sölu. Náttúruvín frá **Vínstúkan Tíu Sopar**, Kraftbjór frá **Mói Ölgerðarfélag**, Jazzkaffi frá **Te&kaffi**, **Kristinn Soð** reiðir fram lauféttan mat. **Lucky Records** jazzplötubúð. **Gítarsmiður** að störfum og **Antikhljóðfærabúð**.

**ADGANGUR Í JAZZÞORPIÐ ER ÓKEYPIS OG ÖLL VELKOMIN.
JAZZÞORPIÐ ER Á GARDATORGI 1-4**

www.gardabaer.is